

Alþingi
Fjárlaganefnd
sent rafrænt á nefndasvið@althingi.

Ísafirði 12. desember 2021

Umsögn, frumvarp til Fjárlaga 2022, mál 1. 152. löggjafarþing og fjármálastefnu 2022-2026 mál 3. 152.

Efni frumvarps til fjárlaga 2022 og þingsályktunar um fjármálastefnu 2022-2026 byggja á forsendum fjármálaáætlunar 2022-2026 sem samþykkt var á síðasta þingi. Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga skilaði inn umsögn um þingsályktunina síðasta vor, <https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-2499.pdf>

Vestfjarðastofa telur framangreind umsögn taki á flestum þeim málum sem er koma fram í fjárlagafrumvarpi og fjárlagastefnu og leggur því umsögnina fram að nýju gagnvart tilgreindum þingmálum.

Kjarni umsagnarinnar á síðasta vor, er að samkeppnisstaða innviða á Vestfjörðum er verulega skekkt miðað við aðra landshluta og kemur nú niður á framþróun landshlutans og landsins alls þegar mikill vöxtur er fiskeldi, ferðaþjónustu og gott gengi í sjávarútvegi og iðnaði. Með beinskeyttum aðgerðum má hér bæta úr og hraða vexti samfélaga og atvinnulífs til hagsbóta fyrir efnahag þjóðarinnar.

Hér eru síðan til viðbótar áréttuð ákveðin mál, m.a. með vísan til ályktana 66. Fjórðungþings Vestfirðinga frá í október s.l. [samthykktar-alyktanir-uppfaert-66.-fjorungsthings-haust-.pdf](#) ([vestfirdir.is](#))

Samgöngumál.

Vestfirsk sveitarfélög hafa sameinast um forgangsroðun jarðgangakosta þar lögð er áhersla á að styrkja atvinnu og þjónustusvæði á sunnan og norðanverðum Vestfjörðum, göng undir Mikladal og Hálfán, Súðavíkurgöng og viðhaldsverkefni er varðar tvöföldun Breiðadalsleggs í jarðgöngum undir Breiðadals og Botnsheiði. Rannsóknir á þessum jarðgangakostum eru mislangt komið og tryggja verður fjármagn á árinu 2022 til að setja þau inn sem fullbúna valkosti í boðaðri jarðgangaáætlun stjórnvalda.

Ítrekuð er sú athugasemd að lítill hluti flýtifjármagns vegna Covid faraldurs rann til verkefna á Vestfjörðum og lýst er miklum áhyggjum af væntum niðurskurði á árunum 2023 og 2024. Með vísan til skakkrar samkeppnisstöðu, er krafist að ekki verði dregið úr fjármagni til vegframkvæmda og flýtt verði verkefnum á stofnvegum, um Dynjandisheiði, Veiðileysuháls, Innstrandavegi og Bíldudalsvegi auk tengivega s.s. vegi að Látrabjargi. Eins verði fundin millibilslausn fyrir Breiðafjarðarferju og hraðað undirbúningi að nýsmíði ferju.

Vetrarþjónusta á vegum, séraðgerð; aukið fjármagn til Vestfjarða.

Fjárveitingar til vegarþjónustu og vetrarþjónustu þarf að auka og lýst er áhyggjum að sama framlag er til vetrarþjónustu fram til ársins 2024, eða 3,7 milljarðar á ári, en vaxandi atvinnustarfsemi er um allt land á komandi árum og fjölgun íbúa samhliða.

Horft til atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum þá hafa verið hér stakkaskipti á síðustu árum, ekki síst í tengslum við fiskeldi og ferðaþjónustu. Fjölgun íbúa er á áhrifasvæði fiskeldis t.d. hefur íbúafjöldi á Bildudal tvöfaldast.

Virgni athafnalífs og samfélaga eru í dag frábrugðin því sem áður var, umsvif eru nú allan sólarhringinn eða „samfélög sem aldrei sofa“.. Flutningur aðfanga og afurða og atvinnu og þjónustusókn líða því nú mjög fyrir að skipulag og fjármagn vetrarþjónustu er langt á eftir að fylgja þessari þróun.

Jarðgöng sem taka af fjallvegi og ofanflóðahlíðar og uppbygging stofnvega er endanleg lausn í þessum málum og kröfugerð hefur verið kynnt hér að framan. Um leið er ljóst að langur tími mun líða þar til þeim framkvæmdum verður lokið, fram að því er skýlaus krafa með tilliti til skakkrar samkeppnisstöðu, að þjónustustig vetrarþjónustu á Vestfjörðum svari kröfum atvinnulífs og samfélaga.

Fagnaðarefni er einnig í þessu samhengi að í greinargerð fjárlagafrumvarps er tekið undir sjónarmið um áhrif vegasamgangna á jafnréttismál (bls 130).

Stærsti hluti samgönguframkvæmda auk fjármögnunar samgöngusáttmála er til lengri tíma litið ekki talinn hafa áhrif á jafnrétti kynjanna þótt einstaka verkefni sem miða að því að bæta aðstæður kunni að auka nýtingu kvenna og þannig stuðla að jafnrétti. Þetta á t.d. við um betri og öruggari fjallvegi en konur setja fjallvegi frekar fyrir sig en karlar, þær eiga almennt smærri bíla og eru háðari ferðatíma. Með betri vegasamgöngum er þannig mögulegt að vinnusóknarsvæði kvenna stækki á afmörkuðum svæðum.

Viðhorfskönnun á meðal íbúa á Vestfjörðum staðfestir þessi sömu áhrif á daglega vinnu og þjónustusókn og þá herra hlutfall kvenna en karla, sem að vegra sig við að sækja vinnu og þjónustu ef um fjallveg eða ofanflóðahlíð er að fara.

Leitað hefur verið til Vegagerðar og ráðuneytis samgöngumála um úrbætur í vetrarþjónustu á Vestfjörðum. Að lenging yrði þjónustu innan atvinnusvæða um 4 til 6 tíma á dag og í tengingum við aðra landshluta um 4 til 8 tíma og eða skipulögðum fylgdarakstri. Hefur þeim málaleitunum verið svarað að þá yrði að hækka þjónustustig um land allt og yfirstigi það fjármögnun málaflokksins.

Vestfjarðastofa fullyrðir að enginn annar landshluti er með jafn hátt hlutfall fjallvega og eða ofanflóðahlíða innan atvinnu og þjónustusvæða og eða tengingar við aðra landshluta. Eins er snjólína neðar í fjallendi á Vestfjörðum en annars staðar á landinu. Vestfjarðastofa telur að óvída yrði álíka ábati af bættri vetrarþjónustu með tillit til þeirra framleiðsluverðmæta sem hér eru undir og auk mikils ábata af bættri vinnu og þjónustusókn og jöfnun aðstæðna kynjanna.

Hér hafa verið raktar ríkar forsendur því að sérstöku fjármagni verði til vetrarþjónustu á Vestfjörðum og því er beint til fjárlaganefndar að gera tillögu þar um.

Fiskeldissjóður

Tekjur Fiskeldissjóðs eru afgangur (auðlindagjald) á framleiðslu laxfiska í sjókvíum og rennur hluti tekna sjóðsins til innviðaverkefna sveitarfélaga þar sem sjókvíaeldi er stundað. Veittur er afsláttur af afgangi af sjókvíaeldi og nemur það 2/7 hluta á árinu 2022. Þetta hlutfall mun fara stíglækkandi til ársins 2026 og tekjur sjóðsins aukast þannig samhliða.

Á fjárlagaárinu 2022 eru tekjur áætlaðar um 650 mkr, þar af eiga tæpar 200 mkr að renna til úthlutunar á vegum stjórnar sjóðsins til innviðaverkefna sveitarfélaga á grundvelli umsókna þeirra. Til ríkissjóðs munu því 450 mkr renna frá fyrirtækjum á Vestfjörðum og Austfjörðum auk allra annarra tekna af umsvifum tengdri atvinnugreininni.

Í ályktun 66. Fjórðungspings Vestfirðinga er sett fram sú krafa að lögum um Fiskeldissjóðs verði breytt og tekjur sjóðsins renni beint til innviðaverkefna sveitarfélaga sem verða fyrir beinum áhrifum af sjókvíaeldi, með áherslu á A hluta í rekstri sveitarfélaganna. Í samstarfssáttmála ríkisstjórnar er tekið undir þessi sjónarmið sveitarfélaganna með því að gerð er tillaga um að farið verði í endurskoðun á lögum um Fiskeldissjóðs.

Uppbygging fiskeldis setur margþættar kröfur á uppbyggingu innviða sveitarfélaga og þau taka alla áhættu að sú uppbygging skili sér. Rekstur sveitarfélaga á Vestfjörðum er mjög erfiður en áætlað veltufé frá rekstri þeirra 6 sveitarfélaga þar sem sjókvíaeldi er stundað muni nema rúmum 500 mkr á árinu 2022. Segir sig sjálfst að svigrúm til að mæta þörfum nýrra innviðauppbygginga er því ekkert.

Meginkrafa er að framlög Fiskeldissjóðs renni beint til sveitarfélaga en til þess þarf breytingu á lögum um sjóðinn. Umfjöllun um þá lagabreytingu mun taka tíma en í millitíðinni er því beint til fjárlaganefndar að allar tekjur Fiskeldissjóðs, 650 mkr, fari til úthlutunar hjá sjóðsstjórn og auki þannig sigrúm sveitarfélaganna til innviðauppbyggingar.

Menningarmál

Farið er yfir erfiða stöðu menningarstofnana á Vestfjörðum í umsögn Vestfjarðastofu um fjármálaáætlun 2022-2026. Í umfjöllun fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021 var á málavíði 18, Menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál, samþykkt tímabundin framlög til ýmissa safna og menningarstofnana en engin þeirra var á Vestfjörðum og er það óásættanleg staða.

Vestfjarðastofa vann á þessu ári skýrslu um möguleika á sameiningu og samstarf safna á Vestfjörðum, skýrslan var unnin á grundvelli aðgerðar mennta og menningarmálaráðuneytis, C14 í Byggingaráætlun. [vestfjarðastofa_safnaskvrsla.pdf \(vestfiridir.is\)](#)

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru;

- Safnastarf á Vestfjörðum stendur á brauðfótum.
- Möguleikar á samstarfi eru nokkrir.
- Möguleikar á sameiningu safna eru fáir og varla raunhæfir.
- Áætlunum um ábyrgðarsöfn þarf að fylgja fjármagn.
- Áriðandi að stjórnvöld marki skýra stefnu í safnamálum.

Óskað er eftir fjárframlagi til að fylgja eftir niðurstöðu skýrslu Vestfjarðastofu og efla starfsemi á þessu sviði. Eins er þess óskað að mál þetta verði tekið til umfjöllunar í fjármálastefnu 2023-2027.

Sóknaráætlanir landshluta.

Aukið var tímabundið við framlög til Sóknaráætlana landshluta á árinu 2021 um 100 mkr vegna Covid faraldurs. Mjög munaði um þessa fjárveitingu og sýndi að beiðnir síðustu ára um hækkun framlaga til sóknaráætlana voru á rökum reistar. Beint er til fjárlaganefndar að í halda þessari fjárveitingu inni fyrir árið 2022.

Náttúrustofur (fjálagaliður 17.20. 14.403. (121))

Vestfjarðastofa beinir því til fjárlaganefndar að dregin verði til baka tillaga í frumvarpi til fjárlaga 2022, um lækkun framlags til náttúrustofa alls um 45 mkr. Framlag var hækkað á þessu ári til að koma á móts við kostnaðarhækkanir síðustu ára.

Háskólasetur Vestfjarða (fjálagaliður 21.10 Háskólar og rannsóknarstarfsemi)

Vestfjarðastofa beinir því til fjárlaganefndar að framlag til Háskólaseturs Vestfjarða verði hækkað um 4 mkr á árinu 2022 og árlega fram til ársins 2024.

Samkvæmt yfirliti um styrktar- og samstarfssamninga þá nam framlag á árinu 2021, 111 mkr og hækkar um því 16 mkr í 127 mkr á árinu 2022 og verður óbreytt út samningstíma til ársins 2024. Er þessi hækkun framlag til nýrrar námsleiðar (Sjávarbyggðarfræði) við Háskólasetrið en heimild til að koma á þessari námsleið hefur legið fyrir allt frá árinu 2018. Kennsla við námsleiðina hófst haustið 2020 og var fjármögnuð með einskíptis framlagi frá Sóknaráætlun Vestfjarða og eigin framlagi Háskólaseturs.

Forsendur þessara námsleiðar voru lagðar á árinu 2016 og metnar þá 20 mkr, en verðlagsþróun frá þeim tíma hefur hækkað kostnað allt að 4 mkr og óskast framlag af fjárlögum til að koma á móts við þá hækkun.

Rekstur heilbrigðisstofnana.

Það er fagnaðarefni að í frumvarpi til fjárlaga er tillaga um aukið fjármagn til heilbrigðisþjónustu. Vestfjarðastofa leggur hér áherslu á að gætt verið að stöðu heilbrigðisstofnana á Vestfjörðum. Covid 19 faraldurinn hefur reynt á mjög á starfsemi þeirra en þeim samt sem áður tekist vel í að leysa úr ástandinu hverju sinni. Ekki er að fjölyrða um það öryggi sem slíkt veitir íbúum á Vestfjörðum og mikilvægi þess að eiga öflugna staðbundna starfsemi.

Rekstur er hinsvegar þungur á árinu 2021 en hér hafa áhrif á innleiðing vinnutímastyttingu verið einna mest og beint er til fjárlaganefndar að komið verið á móti þessum taprekstri með auknu fjármagni.

Endurnýjun og viðhald tækja er einnig viðvarandi vandi sem verður að auka fjármagn til þeirra. Með góðum tækjakosti gengur mun betur að fá viðveru sérfræðinga til að veita staðbundna þjónustu og sparar mikla fjármuni í ferðlög þjónustuþega.

Bílakostur Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða þarfnast endurnýjunar eftir mikla notkun enda var um langar fjarlægðir að fara á milli starfstöðva á Patreksfirði og Ísafirði áður en Dýrafjarðargöng voru tekin í notkun.

Fagna ber að lokum tillögum um fjölgun eða stækkun hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilum á Patreksfirði og Ísafirði.

Flutningsmál raforku.

Stuðningur við uppbyggingu dreifkerfis raforku til dreifveitna Orkubús Vestfjarða og Rarik hefur verið aukin og viðhalda þarf því verkefni, en með þeim fæst aukið afhendingaröryggi en um leið tækifæri til uppbyggingar atvinnutækifæra í dreifbýli. Hluti af tillögum átakshóps stjórnvalda um uppbyggingu innviða í kjölfar óveðurs í desember 2019, koma hér einnig til framkvæmda.

Undirstaða þessa dreifkerfis er síðan uppbygging flutningskerfis raforku 66 Kv eða hærra. Þar hefur Landsnet lagt fram viðamikla fjárfestingaráætlun í Kerfisáætlun m.a. á grundvelli tillagna átakshóps stjórnvalda um uppbyggingu innviða í kjölfar óveðurs í desember 2019 og er í takti við nýja orkustefnu og þingsályktun um flutningskerfi raforku 26/148.

Kerfisáætlun er ekki með beinum hætti hluti af fjárlagagerð, en þær fjárfestingar sem þar eru lagðar til hafa víðtæka áhrif á efnahag landsins. Skammtímaáhrif eru mest á framkvæmdatíma en langtímaáhrif með stórbættu flutningskerfi á milli landshluta.

Hinsvegar eru framkvæmdir á flutningskerfi á Vestfjörðum ekki áætlaðar fyrr en undir lok þessa áratugar en uppbygging er þá lokið í öðrum landshlutum. Slíkt er ekki ásættanleg staða.

Gagnaflutningar og fjarskipti

Á árinu 2022 má sjá fyrir enda verkefna innan Ísland ljóstengt varðandi dreifbýli og er það gleðilegt. Mikilvægt er að hér verði áframhald á því verkefni er varðar háhraðanetstengingar í þéttbýli.

Ítrekaðar eru áhyggjur í umsögnum um fjárlög og fjármálaáætlanir síðustu ára, af stöðu svokallað NATO ljósleiðara, en rúm 30 ár eru frá því hann var lagður og hefja þarf endurnýjun hans. Nú þegar er komið í ljós að gæði þessa ljósleiðara uppfylla ekki gæðakröfur fjarskiptafyrirtækja í dag og hefur það m.a. hindrað tengingu lögbýla sem eiga rétt á tengingu með verkefninu Ísland ljóstengt. Ljósleiðarinn er einnig hluti af hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði og er hér undirliggjandi öryggisþáttur, sem talið var að komist hefði í veg, fyrir með lagningu nýs ljósleiðara frá Stað í Hrútafirði til Súðavíkur.

Dekkun símakerfa á þjóðvegum á Vestfjörðum er ekki ásættanleg og skapar óöryggi fyrir vegfarendur sem aka þessa vegi daglega vegna vinnu, skóla eða þjónustu. Ekki síður fyrir þá vegfarendur sem fara sjaldan um þessa vegi eftir að hafa ekið um aðra hluta landsins þar sem dekkun er fullnægjandi. Þessi staða er komin upp í taudrætti fjarskiptafélaga og stjórnvalda um hver eigi að bera hér kostnað af, veghaldari eða fjarskiptafélag. En hvorugur aðilinn ber ábyrgð þegar slys verða. Þetta þarf að laga án frekari fyrirvara.

Vinumarkaðsaðgerðir.

Tekið er undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga að framlengja vinnumarkaðsaðgerðir „Nám er tækifæri“ og sumarstörf fyrir námsmenn, því óvíst er með framgang Covid faraldurs. Ítrekað er að vera á varðbergi gagnvart langtíma atvinnuleysi.

„Allir vinna“

Lagt er til að framlengt verði verkefnið „Allir vinna“ með 100 % endurgreiðslu virðisaukaskatts af launakostnaði. Verkefnið er einn þáttur í að efla nýbyggingar á „köldum markaðssvæðum“ og er hvetjandi fyrir einstaklinga á sömu svæðum að sinna endurbótum og viðhaldi húsnæðis. Einnig verður að líta svo á að verkefnið geti verið hluti verkefni er varðar orkuskipti og loftlagsmál stjórnvalda í þeim tilfellum þegar einangrun húsa er aukin og skipt er um glugga. Verkefnið er einnig mikilvægt fyrir sveitarfélög til að standa að framkvæmdum og viðhaldi eigna samtímis að skapa störf.

Samkeppnishæfni samfélaga, staða sveitarfélaga

Rekstur sveitarfélaga á Vestfjörðum er erfiður og þá sérstaklega A hluti. Beitt hefur verið ítrasta aðhaldi á undanförunum árum en ekki verður lengra komist og óttast einnig að langtímaáhrif á ólögbundna þjónustu s.s. í leikskólaþjónustu, tómstunda og íþróttastarf og menningarstarfsemi skerði samkeppnishæfni sveitarfélaganna.

Vestfjarðastofa vísar hér til og tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármál sveitarfélaga og áhrif reksturs málaflokka ríkisins samkvæmt fjárlagafrumvarpi. Tilgreina má hér húsnæðismál en mikil þörf er á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis til að mæta vexti í atvinnulífi. Mjög hefur þyngst rekstur í málefnum fatlaðs fólks og geðheilbrigðisþjónusta þarf að byggjast hraðar upp m.a. að horfa til langtímaáhrifa af Covid faraldri. Nefna má að lokum að gætt verði að stöðu Ofanflóðasjóðs en langan tíma tók að efla sjóðinn að nýju fyrir tveim árum síðan.

Annað

Tekið er undir lok umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að framsetning fjárlaga og fjármálastefnu er orðin flókin og samanburður á milli ára er á sama hátt ekki einfaldur. Flokkun fjárlaga eftir málaflokkum var gott skref á sínum tíma stað að fjárlög fylgdu einstaka ráðuneyti. Hinsvegar hefur um leið gert flóknara að fylgjast með einstaka verkefnum eða samningum sem eru mikilvægir fyrir minni stofnanir og rekstrareiningar.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar.